

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um úthlutun byggðakvóta.

Frá Ingu Sæland.

Hvernig skiptist úthlutun byggðakvóta skv. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til byggðarlaga og skipa, sundurliðað eftir fiskveiðiárum tímabilið 2013/2014–2018/2019? Óskað er eftir að í svarinu komi fram:

- a. Skráningarnúmer, nafn, einkennisstafir, heimahöfn, stærð, útgerðarflokkur og eigandi skips.
- b. Úthlutað aflamark, úthlutaður byggðakvóti, magn heimilda sem fluttar hafa verið frá skipi til skips í eigu annars aðila, afli og landaður afli í byggðarlagi sem tilheyrir byggðakvótaúthlutun skipsins. Fyrir fiskveiðiárin 2016/2017–2018/2019 taki svarið til þorsks, ýsu, ufsa, steinbíts, gullkarfa, keilu og löngu í þorskígildum en fyrir fiskveiðárin 2013/2014–2015/2016 taki svarið til þorsks, ýsu, ufsa og steinbíts í þorskígildum.

Skriflegt svar óskast.